

STJÓRNARTÍÐINDI B 127 – 2003

Nr. 832

2526

10. nóvember 2003

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík og leiðrétting á auglýsingu nr. 808/2003.

Bráðræðisholt, Grandavegur 38 og 40.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkur þann 29. október 2003, breytingu á deiliskipulagi fyrir Bráðræðisholt, vegna Grandavegar 38 og 40.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skúlagötusvæði, Stjórnarráðsreitir 1.15, Sölvhólsgrata 9.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkur þann 22. október 2003, breytingu á deiliskipulagi fyrir Skúlagötusvæði, Stjórnarráðsreit vegna Sölvhólsgrötu 9.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skúlagötusvæði, reitur 1.252.3.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 12. ágúst 2003, breytingu á deiliskipulagi fyrir reit 1.252.3 sem afmarkast af Skúlagötu, Frakkastíg, Lindargötu og Vatnsstíg.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Grafarholt, Vínlandsleið 1.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 21. október 2003, breytingu á deiliskipulagi fyrir Grafarholt athafnasvæði vegna Vínlandsleiðar 1.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Vesturberg 195.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 21. október 2003, breytingu á deiliskipulagi fyrir Breiðholt III, Vesturberg 195.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Rimaskóli.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 19. ágúst 2003, breytingu á deiliskipulagi fyrir Rimaskóla.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Korngarðar 2 og Sundabakki 2-4.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 12. ágúst 2003, breytingu á deiliskipulagi fyrir Vatnagarða vegna Korngarða 2 og Sundabakka 2-4.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Hólmsheiði, Almannadalur, hesthúsabyggð, leiðrétting á auglýsingu nr. 808/2003.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkur þann 23. september 2003, deiliskipulag fyrir Hólmsheiði, Almannadal, hesthúsabyggð.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 10. nóvember 2003.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur,

Helga Bragadóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Kópavogi.

Hörðuvellir. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 24. júlí 2003 samþykkt tillögu að deiliskipulagi á Hörðuvöllum (Kórum). Tillagan nær til svæðis sem afmarkast af Rjúpnahæð í vestur, fyrirhuguðum Arnarnesvegi og Vatnsendahvarfi í norður, fyrirhugaðri íbúðarbyggð við Andarhvarf, Fagraþing (Norðursvæði) og af svo kölluðu Suðursvæði í austur og Heimsenda í suður. Á svæðinu er gert ráð fyrir blandaðri íbúðarbyggð sérbýlis og fjölbýlis auk grunnskóla, leiksskólum, um 8 ha íþróttasvæði með íþróttahúsi og keppnisvöllum, svæði fyrir verslun og þjónustu og kirkjulóð. Í tillögunni kemur jafnframt fram fyrirhugað gatnakerfi, gönguleiðir, reiðleiðir, opin svæði, trjáræktarsvæði og leiksvæði. Tillagan er sett fram á uppdráttum í mkv. 1:1000